


VARÚÐ - VARÚÐ - VARÚÐ



VARÚLFUR

BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR

VARÚÐ

HÉR BÝR VARÚLFUR



Bergrún Íris Sævarsdóttir

VARÚÐ, HÉR BÝR VARÚLFUR

ISBN 978-9979-0-2754-6

© 2022 Bergrún Íris Sævarsdóttir

© 2022 Teikningar: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirlestur og álit: Andri Már Sigurðsson ritstjóri

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2022

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf. / Lettland

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar, myndhöfundar og útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Persónur	4
Dökkgrá og drungaleg	7
Háværar hrotur	11
Var mig að dreyma?	13
Varúlfafræðarinn	18
Get ekki meira	25
Hvað éta úlfar?	30
Hnusað upp í vindinn	34
Hvað er í gangi?	40
Þurrkaðar jurtir	45
Krukka nornarinnar	48
Doktorinn í heimsókn	54
Viltu ekki te?	60
Varúlfavesen	64
Þetta má ekki gerast	70
Vonandi bítur hún engan	76
Sleikt út um	85

PERSÓNUR

MARIUS

Hinn ábyrgi Marius er sannur vinur sem vîkur ekki frá Mõrtu þegar hún þarf á honum að halda. Hann er jákvæður og mjög lausnamiðaður.



MARTA

Marta er hvatvís og ákveðin. Hún þolir ekki að vera óþolinmóð og er oft frekar þirruð. Hún er líka ákveðin og óhrædd, jafnvel í ógnvekjandi aðstæðum.






HVÆSI

Kötturinn Hvæsi er skapstór. Hann er líka frábær mannþekkjari og finnur strax á sér ef eitthvað er dularfullt. Það er alltaf öruggara að hafa Hvæsa með sér í liði.

LÁRA

Lára er mamma Mörtu. Hún er morgunfúl en hressist strax eftir fyrsta kaffibolla. Lára elskar Hvæsa út af lífinu en væri til í að finna ástina utan veggja heimilisins.



ÚLFHILDUR

Dýralæknirinn Úlfhildur Alfa heillar mömmu Mörtu upp úr skónum enda falleg, gáfuð og brosmild. En hvað ef hún er ekki öll þar sem hún er séð?



DÖKKGRÁ OG DRUNGALEG

„Hvar varstu?“ hrópa ég æst á mömmu.

Hún horfir hissa á mig og leggur frá sér búrið.
Án þess að svara lokar hún hurðinni á eftir sér.
Svo beygir hún sig niður og hleypir Hvæsa lausum.
Hann virðist frelsinu feginn og þýtur inn í stofu.

„Mamma! Ég er búin að leita að Hvæsa
ÚT UM ALLT!“

„Nú? Hvers vegna varstu að því?“ spyr mamma
hissa.

„Ég hélt hann hefði sloppið út!“ svara
ég hneyksluð.

„Jæja, Marta mín, muna gleðina,“ svarar
mamma brosandi. „Hann Hvæsi átti tíma
í skoðun. Hjá þessum líka glæsilega dýralækni.“

„Er Hvæsi veikur?“ spyr ég stressuð.

Mamma lætur sem hún heyri ekki í mér.

„Hún er svo falleg, Marta. Þú ættir að sjá brosið hennar ... og augun. Þessi augu,“ segir mamma og horfir dreymin upp í loft.

„Hvað er að Hvæsa?“ spyr ég svo ákveðin að mamma kemst ekki hjá því að svara mér.

„Iss, ekkert alvarlegt. Hann þurfti bara að fá ormalyf.“

„Oj ... hvað meinarðu með ORMALyf?“

„Sko, kettir geta fengið orma inn í sig,“ útskýrir mamma. „Þá verða þeir voðalega veikir og feldurinn breytist. En engar áhyggjur, ástin. Hann Hvæsi fékk ormalyfin sín hjá læknum. En Marta ... “

„Hvað?“ spyr ég og reyni að kúgast ekki við tilhugsunina um iðandi orma.

„Þú verður að vera ein heima í smá stund í kvöld. Sæti dýralæknirinn bauð mér sko á stefnumót!“

Mamma verður eldrauð í framan eins og tómatur. Svo fer hún inn í herbergi til að finna föt fyrir kvöldið.

„En ... Hvað á ég að borða í kvöldmat?“ kalla ég á eftir henni.

„Gerðu þér bara samloku,“ hrópar mamma á móti.

Litlu síðar kemur hún fram, í kjól og hælaskóm.

„Er það ekki allt í lagi, ástin mín?“ spyr mamma brosandí.

Áður en ég næ að svara er bankað á útidyrnar. Mamma gengur hikandi í anddyrið en stoppar við spegilinn. Hún horfir rannsakandi augum á spegilmýndina. Svo togar hún kjólinn til og frá og lagar á sér hárið.

„Æ mamma. Það skiptir engu máli hvernig þú lítur út, heldur hvernig þú ert.“

Ég hélt að mamma yrði ánægð með þessa athugasemd en hún rangholfir bara augunum. Svo opnar hún dyrnar. Fyrir utan sé ég hávaxna konu. Hún tekur skref inn fyrir og stendur nú í anddyrinu.

„Marta, þetta er Úlfhildur. Dýralæknirinn sem ég sagði þér frá,“ segir mamma og brosir.

„Sæl, unga dama,“ segir konan og setur upp gervilegasta bros sem ég hef séð.

„Hæ,“ svara ég eins þurr á manninn og ég get.

Mamma flissar þegar Úlfhildur hjálpar henni í kápuna og heldur útidyrnum opnum. Sjálfri finnst mér þessi kona frekar hallærisleg. Hún lætur eins og mamma geti ekki einu sinni klætt sig sjálf!

„Við sjáumst elskan ...“ segir mamma og fer út.

Á meðan ég borða hugsa ég um dýralækninn. Hún minnir mig á eitthvert dýr en ég átta mig ekki alveg á því hverju hún líkist. Ég teygi mig í tómatsósuna og sprauta á samlokuna.

Fyrst set ég tvo punkta, svo nokkrar línur og horfi svo á andlitið á disknum.

Refur? Nei ... úlfur!

Það er dýrið sem hún líkist!



HÁVÆRAR HROTUR

Ég elska föstudaga því þá má ég vaka lengi. Ég horfi á tvær hryllings-myndir í röð og lognast svo út af á sófanum. Þegar ég rumska er mamma komin heim. Hún fylgir mér í rúmið, klæðir mig úr sokkunum og breiðir yfir mig sængina. Það er ekki auðvelt að sofna aftur. Ég hefði kannski ekki átt að horfa á hryllings-mynd áður en ég fór að sofa.

Loksins sofna ég en fæ ljóta martröð og vakna með andfælum. Það er dimmt í herberginu en dauft ljós berst frá ganginum. Ég er í spreng svo ég læðist inn á baðherbergi. Mamma hlýtur að vera steinsofnuð, hugsa ég og opna dyrnar að baðherberginu. Mér bregður í brún þegar ég sé hana standa á miðju gólfi. Hún starir út um gluggann. Tunglskinið baðar andlit hennar mildri birtu.

„Mamma ...“ segi ég hikandi.

Hún svarar ekki. Ég úti laust við mömmu en hún er alveg stjörf. Líklega hefur hún gengið í svefni og endað hér. Inni á baðherbergi, með störu á tunglið. Ég tek varlega í handlegg mömmu og fylgi henni

í rúmið. Eftir nokkrar tilraunir tekst mér loks að leggja hana á koddann. Hún sofnar strax og byrjar að hrjóta. Hærra en ég vissi að væri hægt! Hún hrýtur svo hátt að mér finnst rúmið hristast en það sem meira er, hárið hennar hristist og þá tek ég eftir því að andlitið virðist ... loðið. Ég veit að konur fá líka hár í andlitið en þessi eru dökk og gróf. Þau stingast í allar áttir, eins og veiðihárin á Hvæsa!



Þetta var spes, hugsá ég og fer aftur í rúmið. Það tekur mig dágóða stund að sofna aftur. Ég heyri varla í eigin hugsunum fyrir hrotunum í mömmu!

VAR MÍG AÐ DREYMA?

Næsta dag vakna ég við að barið er að dyrum. Ég þekki bara eina manneskju sem bankar svona snemma á laugardegi. Marius! Yfirleitt væri ég pirruð út í hann fyrir að vekja mig. Í dag er ég hins vegar fegin. Ég verð að tala við hann um það sem gerðist í nótt. Segja honum hvað ég sá ... og hvernig mér líður. Ekki get ég rætt það við mömmu! Hún yrði bara móðguð. Svo myndi hún halda ræðu um að allir séu með líkamshár og ég sé bara með fordóma. Ég fer til dyra og hleypi Mariusi inn. Mamma sefur enn þá svo við getum rætt málin.

„Sæl, vinkona,“ segir Marius, hátíðlegur að vanda.

Við setjumst við eldhúsborðið með sitthvora skálina af morgunkorni. Ég rek alla söguna eins nákvæmlega og ég get.

„Var þig ekki bara að dreyma?“ spyr Marius með fullan munninn.

„Nei, Marius. Ég var GLAÐvakandi.“

„Merkilegt orð ... glaðvakandi. Mér heyrir þú ekki hafa verið neitt sérlega glöð.“

„Hættu að snúa út úr, Marius. Þetta er eitthvað dularfullt.“

Við Marius höfum lent í ýmsum ævintýrum saman. Hann hlýtur að trúa því sem ég segi um mömmu. Ef ekki hann, þá hver?



„Kannski er mamma þín bara að breytast.“
segir Marius án þess að blikna.

„Hvað meinarðu með því?“

„Það er eitthvað sem gerist þegar konur verða eldri. Amma talar oft um það. Henni er alltaf svaka heitt og svona. Var mamma þín ekki bara að kæla sig við gluggann í nótt.“

„Kæla sig?“ endurtek ég svo reið að mig langar að öskra. Ég passa mig þó, til að vekja ekki mömmu.

„Já. Kannski var hún í svitakasti. Það er mjög algengt.“

„En hroturnar?“

„Þær versna líka með aldrinum.“

Marius fyllir skálina aftur af morgunkorni og heldur áfram að borða.

„En hárin í andlitinu á henni?“ spyr ég pirruð.

„Það fylgir víst. Þetta er allt mjög eðlilegt.“

Stundum er Marius svo asnalegur að mig langar að sparka honum öfugum út. Hann hefur hins vegar oft rétt fyrir sér svo ég reyni að hemja mig.



„Heldurðu það? Hún er sem sagt bara að breytast í gamla konu? Ekki varúlf?“


Marius reynir að halda niðri í sér hlátrinum. Það gengur ekki betur en svo að hann frussar mjólk þvert yfir borðið. Allt í einu heyrum við þrusk á ganginum. Mamma gengur hægum skrefum inn í stofu. Hún er ekkert ólík sér. Í andliti hennar eru engin löng eða gróf hár. Marius horfir furðu lostinn á mig. Var mig kannski að dreyma?

„Nei, ert þú hérna vinur?“ segir mamma og sendir Mariusi ósköp venjulegt helgarbros. Svona bros sem segir að hún sé ekkert að flýta sér í vinnu.

„Vá, hvað ég svaf fast,“ segir hún og teygir úr sér.

Ég klóra mér í höfðinu. Þetta virtist svo raunverulegt. Stundum man ég draumana mína mjög skýrt en ég veit að það sem gerðist í nótt var enginn draumur. Hvæsi kemur undan sófanum, teygir úr sér og malar. Eins og alltaf labbar hann fram hjá mér og í áttina að mömmu. Allt í einu stoppar hann og setur upp kryppu. Svo gefur hann frá sér hljóð sem ég hef aldrei heyrt áður. Eins konar hvæs ... en lágt og ógnandi.

Mömmu bregður. Yfirleitt er hún sú eina sem má klappa Hvæsa. Nú stekkur hann frá henni eins og hann hafi séð draug. Hann skransar á gólfinu og kastar sér aftur undir sófa.



VARÚLFAFRÆÐARINN

Ég dreg Marius inn í herbergi og loka hurðinni.

„Þetta var ekki draumur Marius. Mamma mín er varúlfur!“

„En ...“ byrjar Marius.

„Sástu Hvæsa!?“

„Ókei, reyndar. Hún virtist samt ekkert öðruvísi,“ segir hann.

„Nei, auðvitað ekki! Það er kominn dagur. Tunglið sést ekki lengur á himninum. Þess vegna er hún venjuleg núna.“

Augnaráð Mariusar ber enn þá vott um efa.

„Treystu mér bara! Það er eitthvað skrítið í gangi. Hún breytist örugglega aftur í nótt. Þú verður bara að gista til að sjá það með eigin augum.“

Marius hefur aldrei gist hjá mér áður. Hann hefur reyndar aldrei gist hjá neinum vini áður og er hálf asnalegur yfir þessu öllu saman.

„Klukkan hvað er háttatími?“ spyr hann.

„Háttatími? Ertu smábarn?“ spyr ég á móti en sé strax eftir því. „Bara, þegar þú vilt sko ... Ertu vanur að fara snemma að sofa eða?“

„Mér finnst gott að lesa á kvöldin. Ég myndi vilja sækja nokkrar bækur heim til mín. Og tannburstann auðvitað.“

„Já, einmitt,“ svara ég og reyni að sýna ekki hversu hneyksluð ég er.

Ég gleymi oft tannburstanum þegar ég gisti hjá vinkonum mínum. Set bara tannkrem á puttann. Marius er svo nákvæmur. Alltaf með allt á hreinu.

„Getum við kíkt á bókasafnið hans afa þíns?“

„Ja ... af hverju?“ spyr Marius hissa.

„Er hann ekki frá Rúmeníu? Kannski á hann bækur um varúlfa.“

„Marta ... Hvað heldurðu eiginlega um Rúmeníu, að það séu vampírur og varúlfar úti um allt?“

„Umm ... já,“ svara ég hreinskilnislega.

„Þú ert rugluð,“ segir Marius og hlær. „Ég veit að

fólk býr ekki í snjóhúsum á Íslandi. Að hér eru ekki víkingar með horn á hjálmunum og álfar í hverjum steini.“

„Ókei ... en þú hefur líka búið á Íslandi í mörg ár. Ég hef aldrei komið til Rúmeníu. Þú verður samt að viðurkenna að afi þinn á svakalegt bókasafn.“

„Umm, já reyndar. Við getum svo sem athugað málið,“ segir Marius.

Við opnum spjaldtölvuna og lesum allt sem við finnum um varúlfa á netinu. Það er samt svo mikið af bulli inn á milli og erfitt að vita hverju við getum treyst. Okkur finnst við komin niður á botn netsins þegar við gefumst upp. Við göngum hikandi fram á



gang. Mamma ristar sér brauð á náttsloppnum og teketillinn flautar.

„Við erum farin út að leika! Bless!“ kalla ég og skelli hurðinni áður en mamma nær að svara.

Afi Mariusar býr í lítilli risíbúð í sama húsi og Marius. Hann opnar fyrir okkur og gengur svo rakleitt að eldhúsinu til að sækja sér kaffi. Aðalrými íbúðarinnar er undirlagt bókum. Hillurnar þekja alla veggi og hylja meira að segja eina gluggann í herberginu. Þetta eru svo margar bækur að ég gæti ekki talið þær þótt ég fengi frí í skólanum í heila viku.

„Áttu bækur um varúlfa?“ spyr ég og Marius þýðir yfir á rúmensku.

Afi Mariusar fylgir okkur inn í herbergi og bendir grönnum fingri að efstu hillunni í bláu bókahillunni. Þar eru þrjár bækur sem tengjast varúlfum á einhvern hátt. Sem betur fer er Marius með mér því ég skil ekki stakt orð í bókunum.

„Þó að afi eigi bækur um varúlfa þá er Rúmenía samt ekkert varúlfaland.“

„Nei, nei. Ég veit.“

„Hann hefur bara áhuga á fornbókmenntum.
Mjög mikinn ... “

Ég opna eina bókina sem Marius segir að heiti
Varúlfafræðarinn. Í henni eru svarthvítar teikningar
af ólíkum varúlfum.

„Hvað þýðir þetta?“ spyr ég og bendi á eina
blaðsíðuna.


Marius les fyrir mig upp úr bókinni.

„Ókei, hér stendur: Til eru nokkrar tegundir af
varúlfum. Hér á eftir verður farið yfir þær helstu ... “

„Nokkrar tegundir? Hvernig vitum við í hvaða
tegund mamma er að breytast?“

„Bíddu, Marta, leyfðu mér bara að lesa.“

Ég reyni að sitja kyrr og hlusta
en það er erfitt. Marius
hljómar eins og gamall
útværsmáður á
meðan hann les.
Hann þýðir
rúmensku orðin
jafnóðum.



„Alfa-varúlfurinn er leiðtogi í hópnum ...“

Ég stoppa Marius áður en hann kemst lengra.

„Alfa? En það er kvenmannsnafn.“

„U, já, það er líka fyrsti stafurinn í gríska stafrófinu. Þannig að þeir sem eru aðal kallast alfa. Má ég halda áfram að lesa.“

„Ókei sénéí,“ svara ég og glotti.

Stundum stríði ég Mariusi fyrir að vita allt. Fyrir að vera eins og prófessor með ofurheila. Satt best að segja öfunda ég hann bara. Ég vildi óska að heilinn í mér virkaði svona. Ég reyni að halda einbeitingu á meðan Marius les.

„Alfa-úlfurinn fæðist sem Alfa og hefur mestu völdin af þeim varúlfum sem honum fylgja. Vilji valdaminni varúlfur komast til valda þarf hann að skora á Alfa-úlfinn í slag. Takist honum að drepa Alfa verður hann hinn nýji Alfa.“

„Fæðist sem Alfa,“ endurtek ég. „Mamma fæddist ekki sem varúlfur, svo það passar ekki.“

Marius kinkar kolli og heldur áfram að lesa.

„Sá næsti í röðinni kallast Beta-varúlfur. Beta fæðist inn í hlutverk sitt. Hann er undirgefinn Alfa-úlfinum og hlýðir honum. Ef Alfa-úlfur drepur Beta-úlf fær hann sjálfkrafa kraftana úr fórnarlambinu. Augu Beta-úlfsins glóa yfirleitt skærgul en lýsa bláu ef hann drepur saklausa veru.“

„Beta fæðist líka sem úlfur... “ segi ég ákveðin.

„Hérna er þriðja túpan ... Gamma ... Þegar Alfa bítur manneskju verður til Gamma-varúlfur. Mynda þeir strax sterk tengsl sín á milli. Bitið gerir Gamma úlfinn mjög hlýðinn og tryggan Alfa úlfinum.“

Marius hættir að lesa og horfir ákafur á mig. Við erum greinilega að hugsa það sama.

GET EKKI MEIRA

„Mamma hefur verið bitin af Alfa-varúlfi!“

„Það gæti passað,“ segir Marius. „En bíddu það er meira. Hér stendur að Gamma geri allt til að vernda Alfa úlfinn.“

„En ... Hvernig breytum við henni til baka?“ spyr ég, svo æst að ég get ekki á mér setið.

„Ekki hugmynd. Kannski stendur eitthvað um það í hinum bókunum. Eða seinna í þessari. Þetta er sko alveg 700 blaðsíðna bók. Ég þarf meiri tíma til að komast í gegnum þetta.“

Eftir að Marius hefur suðað í afa sínum dágóða stund fær hann leyfi til að taka bækurnar með sér heim til mín. *Varúlfafræðarinn* kemur með en líka *Handbók fyrir Varúlfa-veiðimenn, Lífshlaup varúlfsins og Vampírur, varúlfar og draugar*.

Þegar við komum heim er mamma sem betur fer farin út. Við röðum bókunum á rúmið mitt og Marius byrjar að fletta sig í gegnum fyrstu kaflana. Að lesa er ekki það skemmtilegasta sem ég veit.

Sumar bækur eru fínar en svona þykkar fræðibækur ætti helst að nota sem hurðastoppara. Ég er hálf fegin að textinn er á rúmensku. Þá get ég látið Marius um erfiðisvinnuna. Sjálf les ég hratt í gegnum Wikipedia og horfi á nokkur myndbönd. Ég finn þó ekkert sem hjálpar mér að bjarga mömmu.

„Ég get ekki meira,“ segi ég og loka tölvunni.

„Við vitum ekki hvernig við getum breytt mömmu þinni til baka,“ segir Marius og opnar eina bókina.

„Getum við ekki aðeins spilað eða eitthvað. Ég á Varúlfaspilið!“

„Ha? Lærum við eitthvað af því?“ spyr Marius hissa.

„Kannski ekki en ég vakna þá allavega! Heilinn í mér er sko löngu sofnaður! Við getum líka fundið einhverja varúlfapætti í sjónvarpinu!“

Mér tekst loks að sannfæra Marius og dreg hann fram í stofu. Eftir að hafa grillað tvær samlokur setjumst við fyrir framan sjónvarpið.

„Þetta eru stórskrítnir þættir,“ segir Marius og dæsir. Helst myndi hann vilja horfa á heimildarþætti,

gerða af vísindamönnum. Gallinn er að varúlfar eru bara goðsögn! Þeir eiga ekki að vera til í raun og veru. Þess vegna er erfitt að vita hvaða upplýsingar eru nothæfar og hverjar ekki. Marius heldur áfram að tuða á meðan við horfum. Fjórum þáttum síðar erum við hins vegar bæði sokkin djúpt

í söguþráðinn.

Við höfum komið okkur vel fyrir undir teppi, hrædd við ógnandi varúlfana á skjánum.

Spennan er svo mikil að við hrökkvum upp við lágt hljóð úr anddyrinu.

Lykli er stungið í lás útihurðarinnar og snúið.

„Ó, nei! Mamma þín ... Hún má ekki sjá ... “ segir Marius hræddur.



Ég gríp fjarstýringuna og skipti um þátt á ógnarhraða. Andartaki síðar er mamma komin inn í stofuna.

„Er þetta þáttur fyrir ykkur?“ spyr mamma undrandi.

Án þess að átta mig hafði ég skipt yfir á Hvolpa-sveitina. Köggur og Píla eru í óðaönn að bjarga Hænulínu úr bráðum háska.

„Umm ... Þetta er sko uppáhaldið hans Mariusar.“

Ég finn hvernig Marius sparkar í mig undir teppinu. Mamma setur upp skritinn svip og fer inn í eldhús. Til að biðjast afsökunar mynda ég orðið fyrirgefðu með vörunum. Marius grettir sig og hristir höfuðið. Eftir kvöldmat sækir mamma gestadýnu upp á háaloft. Hún býr um Marius á gólfinu í herberginu mínu. Við fáum popp og spilum rommý. Svo skriðum við undir sængurnar okkar. Ég velti fyrir mér hegðun mömmu síðan hún kom heim. Hún virðist mjög eðlileg. Reyndar bara frekar skemmtileg og hress.

„Marius,“ hvísla ég niður í átt að dýnunni.

„Kannski var mig bara að dreyma þetta allt.“

Ekkert svar berst frá gólfinu. Marius virðist hafa sofnað um leið og hann lagði höfuðið á koddann.

Ég ligg í myrkrinu og stari upp í loftið. Mamma er enn vakandi. Ég heyri til hennar ganga í átt að svefnherberginu sínu. Þaðan fer hún inn á bað þar sem hún burstar tennurnar með háværum rafmagns-tannbursta. Ég heyri mömmu skrúfa fyrir vatnið og ganga frá tannburstanum inni í skáp. Frá því að ég var lítil hef ég hlustað á mömmu gera það sama á hverju kvöldi. Næst mun hún leggjast í rúmið og bylta sér í smá stund. Svo fer hún aftur fram til að gá hvort útidyrnar séu læstar. Þaðan fer hún beina leið í rúmið. Skömmu síðar fer hún enn einu sinni fram og pissar og svo sofnar hún loksins. Svona eru kvöldin alltaf og kvöldið í kvöld er engin undantekning.

Ég er alveg að sofna en reyni að halda mér vakandi. Mig langar að fylgjast með því þegar mamma umbreytist. Sko, mig langar ekki að sjá það en mér finnst eins og ég þurfi þess. Smám saman verða augnlokin þyngri og þyngri. Loks límast þau föst og nóttin nær mér á sitt vald. Vonandi var þetta allt bara draumur.

HVAÐ ÉTA ÚLFAR?

A A A A A Ú Ú Ú

Við Marius hrökkvum upp á sama tíma við hávært væl.

Það er einhver að spangóla! Hér, í ósköp venjulegu úthverfi á Íslandi, heyrir spangól, líkt og við séum stödd á sléttum Mexíkó.

„Marius ... heyrðir þú líka ... ?“

„Já,“ hvíslar hann á móti skjálfandi röddu

Ég stend hikandi upp úr rúminu og rétti Mariusi höndina. Hann tvístígur en fæst svo loks með mér fram á gang.

„Hvað ef ... “ byrjar hann en ég sussa lágt.

Ég býst við að finna mömmu inni á baði. Það er eina herbergið með glugga sem vísar að tunglinu. En mamma er ekki þar. Um leið átta ég mig á því að það er ískalt í íbúðinni. Við Marius læðumst fram á gang þar sem útidyrnar standa opnar upp á gátt. Ég smeygi mér í skó og geng hikandi út. Marius fylgir á eftir og rígheldur í höndina á mér.

Ú

Ú!



þarna, í miðjum garðinum fyrir framan húsið stendur loðin vera og spangólar í átt að björtu tunglinu.

„Mamma,“ kjökra ég ósjálfrátt.

Marius kreistir hönd mína og dregur mig inn í anddyrið.

„Við þurfum að ná henni inn!“ segir hann ákveðinn.

Sjálft get ég ekki hreyft mig heldur stend sem frosin og endurtek lágt:

„Mamma mín er varúlfur ...

Mamma mín er varúlfur ... “

„Ég veit, en Marta, nú þurfum við að hugsa skýrt. Hvernig fáum við hana aftur inn?“

„Varúlfur ... Mamma ... “

„Hún gæti hlaupið af stað og ráðist á einhvern! Hvað ef við bjóðum henni mat og lokkum hana inn? Hvað éta úlfar eiginlega?“

Síðasta spurning Mariusar kippir mér aftur í raunveruleikann.

„Hvað éta úlfar? Hvers konar spurning er þetta? Heldurðu að ég viti það!?“

Stundum, þegar ég er reið, bitnar það á Mariusi. Hann á það yfirleitt ekki skilið. Ég þoli bara ekki heimskulegar spurningar.

„Úlfar eru af hundakyni ... þú veist, náskyldir hundum. Þeir hljóta þá að éta hundamat!“

„Ég á engan hundamat, Marius!“ svara ég pirruð.

„Ah ...“, segir Marius og klórar sér í enninu.

„Kannski getum við bankað hjá nágrönnum þínum ... en þá sjá þeir reyndar varúlfinn. Ég meina mömmu þína.“

Uppástunga Mariusar er gagnslaus. Síst af öllu viljum við betla hundamat af nágrönnum mínum og hætta á að þeir sjái loðinn varúlf í garðinum.

„En .. Marius!“ segi ég og brosi. „Ég á FULLT af kattamat! Það er næstum því eins. Það er allavega sama ógeðslega lyktin af þessu dósasulli!“

HNUSAD UPP Í VINDINN

Marius hefur augun á mömmu í garðinum og ég stekk inn í eldhús til að sækja kattamat. Í neðstu skúffunni blasa við mér ótal dósir. Þarna eru til dæmis nýrnabaunir, kókosmjólk og tómamat. Einu sinni gerði mamma lasagna og notaði óvart kattamat í sósuna. Sem betur fer fattaðist það um leið. Síðan þá hef ég reynt að sannfæra mömmu um að geyma kattamatinn í geymslunni. Hún segir að Hvæsi sé hluti af fjölskyldunni og eigi að hafa matinn sinn í eldhúsinu eins og aðrir. Ég gríp eina dósina og opna hana yfir vaskinum. Um leið finn ég grófan feld Hvæsa strjúkast við annan fótlegginn á mér.

„Þetta er ekki fyrir þig.“

Hvæsi virðist skilja mig því hann sendir mér illt augnaráð og snýr sér móðgaður undan. Ég fer fram í anddyri með dósina og rétti hana í átt að Mariusi.



„Þú gerir þetta,“ segi ég ákveðin.

„Ekki séns. Þetta er mamma þín,“ svarar hann hneykslaður.

„Oh, Marius!“ dæsi ég örg.

Ég fikra mig niður tröppurnar og held dósinni eins langt frá mér og ég get. Mamma stendur enn í miðjum garðinum. Eða, ég vona að mamma sé undir öllum þessum rauðbrúna feldi. Hún snýr baki í mig, í skritinni stellingu. Hraður andardrátturinn hreyfir loðna kryppuna upp og niður. Um leið og ég nálgast grasið snýr hún sér við og hnusar upp í vindinn. Mamma hefur greinilega fundið lyktina af kattamatnum.

„Fljót, Marta,“ heyri ég Marius hvísla fyrir aftan mig.

Agnarsmá hárin rísa á handleggjunum á mér þegar mamma læsir augun á mig. Hún hefur áttað sig á því hvaðan lyktin kemur og sleikir svöng út um. Svo hendir hún sér niður á fjóra fætur og læðist hikandi í átt að mér.

Ég þori ekki að hreyfa mig, en ég verð að gera það! Fyrst bakka ég til að athuga hvort hún elti mig. Það er undarlegur glampi í augum mömmu þegar hún

sleikir hún út um. Það skín í beittar tennur sem gætu bitið af mér höndina ef ég fer ekki varlega. Ég fikra mig aftur á bak upp stigann. Mamma er á fjórum fótum og ber sig alveg eins og svangt en óöruggt dýr.

Marius er kominn inn og stendur bak við opnar útidyrnar. Um leið og mamma kemur inn í íbúðina lokar hann hurðinni varlega. Mamma urrar þegar ég kippi dósinni enn lengra til baka. Hún er greinilega orðin svöng og pirruð. Mamma verður alltaf mjög pirruð þegar hún er svöng. Þá er hún reyndar ekki með flugbeittar tennur og klær. Ég leiði hana eftir ganginum að svefnherberginu hennar. Svo legg ég dósina niður á gólf og renni henni inn í herbergið. Mamma spyrnir sér í gólfið svo klærnar skilja eftir djúp för í parketinu. Hún byrjar strax að háma í sig kattamatinn og umlar af ánægju.

„Vá, hvað henni finnst þetta gott. Hún klárar þetta örugglega strax,“ segir Marius með ótta í röddinni.

„Náum í meira,“ segi ég og hleyp af stað.

Við snúum aftur með tvær dósir til viðbótar og rennum þeim inn til mömmu. Hún lítur upp og

mælir okkur út. Svo heldur hún áfram að borða. Ámátlegt mjálm berst frá Hvæsa sem stendur fyrir aftan mig.

„Ég veit, Hvæsi minn. Ég veit ... “

Marius teygir sig eftir hurðarhúninum og lokar dyrunum að herbergi mömmu.

„Getum við læst?“ spyr hann og klórar sér hugsandi í kollinum.

„Bara innan frá held ég,“ svara ég og yppi öxlum.

„Áttu reipi?“

„Marius ... ég fer ekki að binda mömmu mína fasta!“ svara ég hneyksluð.

„Æ, Marta, láttu ekki svona. Áttu reipi eða ekki?“

Marius er alveg hættur að vera feiminn við mig. Ég kunni eiginlega betur við hinn ofur kurteisa Marius sem hlýddi bara án þess að þræta. Nú er það hins vegar ég sem hlýði þegar ég næ í sterkt band inn í geymslu.

„Dugar þetta?“ spyr ég og held rauðu bandinu uppi.

Marius tekur við bandinu og handleikur það hugsandi. Svo bindur hann einhvers konar skáta-lykkju á annan endann. Hann smeygir lykkjunni utan um hurðarhúninginn og strengir bandið yfir ganginn, að geymsluhurðinni. Hann strekkir bandið fast og það gefur frá sér eins konar gítartón þegar hann kippir í það.

„Svona. Nú kemst hún ekki neitt.“

Ég ber annað eyrað upp að hurðinni og heyri hávæer matarhljóðin í mömmu. Hún smjattar og kjamsar á kattamatnum.


Skömmu síðar berast okkur hávæerar hrotur.

„Og ég anda léttar.“

Marius lítur á úrið sitt og geispar.

„Það er enn nóg eftir af nóttinni. Við skulum reyna að sofna.“

Ég þoli ekki þegar mér er sagt hvað ég á að gera. Núna er ég hins vegar sammála. Ég er svo þreytt að ég gæti sofnað standandi. Við skriðum aftur upp í rúm. Ég vona bara að mig dreymi ekki fleiri skrímsli. Það er alveg nóg að mamma mín sé varúlfur.



HVAÐ ER Í GANGI?

Næsta morgun hrekk ég upp við hávært bank. Ég nudda stírnar úr augunum og teygi mig snögg. Bankið heldur áfram og virðist koma innan úr íbúðinni. Undrandi fer ég fram á gang og man um leið atburði næturinnar. Rautt bandið er enn strekkt á milli hurðanna að svefnherbergi mömmu og geymslunnar.

„Marta!“ hrópar mamma innan úr herberginu.

„Hleyptu mér út!“

Ég losa bandið hikandi.

„Hvað ertu að gera?“ hvíslar Marius sem stendur allt í einu við hliðina á mér.

„Hleypta henni út!“ svara ég án þess að lækka róminn.

„Ertu brjáluð? Hvað ef hún er enn í varúlfaham?“

Aftur bankar mamma og kallar.

„Krakkar! Marius, ert þú þarna líka? Hurðin er eitthvað föst. Getið þið opnað fyrir mér?“

„Sko,“ segi ég pirruð við Marius. „Tunglið er farið og mamma er aftur orðin eðlileg.“

„Ertu viss?“ spyr hann og hrukkar ennið.

„Nei ... en við getum ekki haft hana læsta inni í allan dag,“ svara ég og losa bandið af húninum.

Um leið kippir mamma upp hurðinni.

Hún er úfin og þreytuleg en ansi ólík úlfinum sem við lokkuðum inn úr garðinum í nótt.

„Hvað er eiginlega í gangi krakkar?“ spyr mamma þegar hún sér bandið sem liggur frá hurðarhúninum.

„Marius gekk í svefni,“ segi ég hratt.

„Ha?“ spyr mamma ringluð.

Marius grípur orðið á lofti.

„Já, afsakaðu þetta. Ég er sko í skátunum og mig var að dreyma alveg svakalega skemmtilegt skátamót. Við vorum að læra nýjan hnút ...“



Við mamma virðumst jafn hissa á sögunni hans Mariusar. Ég vissi ekki að hann gæti logið svona, án þess að roðna eða svitna.

„Jæja vinur,“ byrjar mamma. „Þú hefur þá vonandi fengið merki fyrir fínan hnút ... þú veist, í draumnum.“

Marius hummar eitthvað og brosir.

„Getur þú þá líka útskýrt af hverju það er kattamatúr út um allt gólf í herberginu mínu?“

Eftir að hafa kennt svefngöngu Mariusar um kattamatinn sæki ég moppu og fötu með vatni. Ég hugsa til Hvæsa sem borðar svo snyrtilega að yfirleitt er ekki arða eftir af mat. Hér eru hins vegar slettur um allt gólf og upp á fataskáp.

„Úff, hvað þetta er fast við gólfið ... “ segir Marius og skrúbbar.

„Ég er bara svo fegin að þetta virkaði,“ svara ég og bleyti skápinn.

„En ... hvað ef hún breytist aftur í nótt?“
spyr Marius.

„Við verðum að finna varanlegri lausn en kattamat og snæri.“

Ég þoli ekki hvað hann er raunsær. Mig langaði að gleðjast yfir því að mamma væri ekki varúlfur. Að minnsta kosti ekki þessa stundina. En nú finn ég sting í maganum og stressið verður að stórum hnút.

„Komdu þá með lausn,“ svara ég og nudda þrjóska blett af fataskápnunum.

„Kíkjum aftur í bækurnar. Við hljótum að finna einhverja leið til að bjarga mömmu þinni.“

Ég finn hvernig kvíðahnúturinn færir sig úr maganum og upp í háls. Ég kyngi og reyni að anda djúpt en það er erfitt. Lungun vilja ekki hleypa inn nema örlitlu lofti. Þau eru eins og blöðrur sem hafa verið blásnar upp og tæmdar svo oft að nú eru þær bara linar og lélegar. Marius tekur eftir því hvað ég er stressuð og réttir fram höndina.



„Hvað?“ spyr ég hissa.

„Lánaðu mér tuskuna,“ svarar hann og brosir.

Hann vindur báðar tuskurnar og leggur þær á fötuna. Svo leggur hann aðra höndina á öxl mína, eins og kennari og talar hægt og rólega.

„Þetta verður allt í lagi.“

„En ... “ byrja ég en kemst ekki lengra.

Augun fyllast af tárur og mig langar að hverfa ofan í gólfið.

„Við leysum þetta, Marta,“ segir Marius, svo öruggur að ég trúi honum næstum því.

Þegar ég svara engu stendur Marius upp og teygir sig í fötuna.

„Þetta verður ekki betra,“ segir hann og vísar til gólfsins.

„Nú kíkjum við í bækurnar!“

ÞURRKAÐAR JURTIR

Marius les sig í gegnum Handbók fyrir varúlfa-veiðimenn. Á meðan leita ég enn einu sinni á netinu.

„Það er ekkert að marka þetta bull,“ hnussa ég pirruð og opna nýjan leitarglugga.

„Hmm,“ hváir Marius annars hugar.

„Ég verð að þrengja leitina. Þá fæ ég kannski skýrari niðurstöður. Hvað hét aftur varúlfa-tegundin sem við höldum að passi við mömmu?“



„Gamma ... Eða mér finnst það svona líklegast.“

Ég slæ inn nokkur mismunandi leitarorð.

„Hér er eitthvað, segir Marius og heldur bókinni uppi. „Til að drepa varúlf skal nota hníf úr alvöru silfri. Það er víst veikleiki varúlfa ... silfur.“

„Marius ... Ég ætla ekki að DREPA mömmu mína!“ svara ég og gapi.

„Ah, nei. Það væri verra.“

Marius flettir yfir á næstu síðu.

„Það er líka hægt að nota jurtt sem heitir Bláhjálmur! Sé hún notuð í miklu magni deyr varúlfurinn en ef við notum minna magn afléttum við álögnum.“

„Þetta hljómar mjög hættulega. Hvernig vitum við hversu mikið magn er mátulegt?“

Ég finn hvernig röddin brestur örlítið. Mig langar ekki að gefa mömmu of stóran skammt af eitraðri plöntu.

„Sko, Marta. Ef það er eitthvað sem þú getur treyst á, þá eru það hæfileikar mínir til að mæla rétt magn! Bæði í heimilisfræði og raungreinum. Það skiptir ekki máli hvort ég er með sýru eða sykur. Ég er afar nákvæmur.“

Þetta er reyndar rétt hjá Mariusi. Hann er svo nákvæmur að það er óþolandi að vera með honum í hóp. Það tók einu sinni tvær kennslustundir og allar frímínúturnar að baka pítsusnúða því hann vildi mæla allt þrisvar.

„Það er þó einn vandi hér. Hvar finnum við þurrkuð blóm af Bláhjálm? Ætli það sé til í búðinni, hjá kryddunum kannski? Já, eða í blómabúð? Nei, varla þurrkað,“ tuðar Marius.

„Ú! Ég veit! Hvern þekkjum við sem á kofa með alls konar þurrkuðum jurtum?“

Bros birtist á andliti Mariusar þegar hann áttar sig á því um hvern ég er að tala.

KRUKKA NORNNARINNAR

„Nornin!“ hrópar hann upp yfir sig.

„Einmitt! Nornin átti heilan HELLING af jurtum og dóti í alls konar krukum! Við getum sótt það sem okkur vantar.“

„Hvað ef nornin hefur snúið aftur?“

Marius virðist mjög stressaður. Ég er það reyndar líka. Við losuðum okkur við nornina en kofinn hennar er samt óhugnanlegur staður. Við gætum auðvitað fengið fylgd, hugsa ég með mér og lít á köttinn sem kúrir á rúmteppinu.

„Tökum Hvæsa með!“ tilkynni ég ánægð.

„Hann verndaði okkur síðast!“

Við Marius klæðum okkur í skó og úlpur. Svo lyfti ég Hvæsa öngum upp úr rúminu. Hann er ekki sáttur við að fara. Ég klappa kettinum og sussa á hann. Loks róast Hvæsi örlítið en hefur þó annað augað opið með sinn dæmigerða fýlusvip á andlitinu.

Úti blæs vindurinn og við fáum hann beint í fangið þegar við opnum dyrnar. Miðaldra maður skokkar eftir gangstéttinni með smáhund í bandi. Hvæsi sperrist allur upp í fanginu á mér. Hann reynir sem betur fer ekki að sleppa. Loks komumst við að hrörlegum nornakofanum.

„Ég ætlaði sko aldrei að koma hingað aftur,“
heyrist í Mariusi.

„Ekki ég heldur ... en takk fyrir að koma með mér,“
svara ég og sendi honum bros.

„Auðvitað. Við erum saman í þessu,“ segir Marius
og útir upp lúinni tréhurðinni.

Inni mætir okkur kalt og rakt loft. Rykfallnar
krukkurnar eru þaktar köngulóarvefjum. Á meðan
ég leita að réttri krukku hvæsir kötturinn lágt.
Ég strýk honum um loðið höfuðið. Hvæsi er ekki
jafn grimmur og hann var þegar við fengum hann.
Með því að klappa honum bara nóg hef ég náð að
temja hann. Svólítið að minnsta kosti. Ef mamma
verður varúlfur að eilífu get ég kannski tamið hana?
Kannski yrði ég að hafa hana í stóru hundabúri yfir
nóttina til öryggis. Tilhugsunin er svo vond að ég fæ
sting í magann.

„Hérna!“ hrópar Marius og kippir mér úr hugsunum mínum.

„Fannstu það?“

„Já,“ segir Marius og heldur uppi grænni krukku.

Aconitum napellus / Úlfsbani stendur skrifað með undarlegri skrift. Við hliðina á nafninu eru nokkrar rúnir.



„Eru leiðbeiningar?“ spyr ég en Marius hristir höfuðið.

„Þetta er ekki eins og að kaupa djúsþykkni Marta,“ segir hann og rangholfir augunum.

„En rúnirnar? Hvað segja þær?“

Marius rúnir betur í miðann. Svo göngum við með krukkuna að vinnuborði nornarinnar. Marius kveikir á stóru kerti sem lýsir upp borðið. Ég leita að uppskrift í stóru galdrabókinni. Marius teygir sig í rúnabók og reynir að ráða í gamalt letrið.

„Ekkert hér,“ tilkynni ég og loka þykkri bókinni svo ryk þyrlast upp í loft.

„Kannski ... “ byrjar Marius og nær í stækkunargler.

Ég held niðri í mér andanum á meðan Marius rennir stækkunarglerinu eftir síðunni.

„Aha!“ segir hann og heldur fingri upp í loft.

„Leiðbeiningar!“

„Ég sagði þér að það væru leiðbeiningar á krukkunni,“ segi ég dálítið pirruð.

„Æ, já. Fyrirgefðu, mér fannst það bara svo ólíklegt. Þú hafðir rétt fyrir þér. Hér er mynd af þremur skeiðum.“

„Bara einhverjar skeiðar?“ spyr ég hissa.

„Við hliðina á tveimur skeiðum er hauskúpa. Það segir sig sjálfst hvað það þýðir. Við hliðina á einni skeið er hins vegar hjarta. Það hlýtur að þýða líf.“

„Bara ... eins og í tölvuleik?“

„Já, ætli það ekki. Ég skil þetta allavega þannig. Við blöndum þessu eins og þykkni út í vatn.“

„Þant ekki ég!“ segi ég ákveðin.

Desilítrar og annað svona mælidót er ekki mín sterkasta hlið.

„Við leysum þetta. Nú höfum við að minnsta kosti það sem til þarf.“

Með fulla krukku af seyði göngum við heim á leið. Hvæsi liggur slakur í fanginu á mér, feginn að komast lengra í burtu frá kofa nornarinnar. Eftir því sem við nálgumst húsið okkar verður hann hins vegar stjarfur og setur

upp kryppu. Hann læsir klónum í úlpuna mína,
sem er nógu þykk til að verja mig gegn klóri.


„Hvaða bíll er þetta?“ spyr Marius og bendir
á rauðan sportbíl í stæðinu fyrir framan húsið.



DOKTORINN Í HEIMSÓKN

Bíllinn er merktur stórum stöfum:

DOKTOR ÚLFHILDUR ALFA



Við frjósum í sporunum.

„Úlfhildur ...“ segi ég skjálfandi röddu.

„... og Alfa!“ bætir Marius við.

Við áttum okkur á sama tíma. Dýralæknirinn sem mamma fór á stefnumót með er þá sökudólgurinn. Það var hún sem beit mömmu og breytti henni í Gamma-úlf!

„Þú manst ... hún getur stjórnað mömmu þinni.“

„Ekki ef við stöðvum þær báðar,“ svara ég og gjóa augunum á flöskuna í hendi Mariusar.

„Ég vona bara að þetta sé nóg ... “ segir Marius.

„Enga svartsýni núna. Við höfum ekki tíma. Sjáðu himininn. Það er byrjað að dimma!“

„Hvernig gerum við þetta? Þær hljóta að vera á leiðinni á stefnumót. Við verðum að stöðva þær!“

Svarið kemur til mín um leið. Eftir að hafa glápt á alls konar væmna sjónvarpsþætti og bíómyndir í gegnum tíðina veit ég allt um svona stefnumót.

„Þegar fólk vill hafa rosa rómó þá eru alltaf jarðarber!“ segi ég Mariusi. „Svo þarf auðvitað að vera súkkulaði líka. Við sköpum rómantíska stemningu í stofunni. Gefum þeim jarðarber og súkkulaði. Svo gerum við drykk úr jurtunum og bíðum eftir að þeim batni.“

Marius horfir á mig rannsakandi augum. Hann veit ekki jafn mikið um þessa hluti og ég. Hann hefur aldrei verið skotinn, hvað þá ástfanginn. Líklega hefur hann aldrei lesið bók eftir Þorgrím Þráinsson. Þess vegna skilur hann þetta ekki jafn vel og ég.

Ég opna útihurðina eins hægt og ég get. Samt heyrir mamma í mér.

„Hæ, ástin mín! Ert þetta þú?“ hrópar mamma úr stofunni.

Er þetta ég? Hvers konar spurning er þetta? Hver sem er gæti svarað þessari spurningu játandi. Það er engin furða að mamma lét breyta sér í varúlf. Hún er svo jákvæð og treystir öllum sem hún kynnist.

„Hvað ef ég væri þjófur?“ kalla ég á móti.

„Láttu ekki svona Marta. Komdu inn og heilsaðu!“ hrópar mamma aftur.

Ég sparka af mér skónum og dreg Marius á eftir mér. Eigi ég að standa í þessu veseni vil ég ekki vera ein.

„Hæ elskan,“ segir mamma aftur og knúsar mig fastar en venjulega.

„Umm ... hæ,“ muldra ég án þess að það heyrist því ég er klesst upp að bringunni á henni.

„Þetta er hún Marta mín,“ segir mamma og heldur um axlirnar á mér. „Þið hittust nú aðeins í fyrradag.“

Hún snýr mér í hálfhring og heldur mér fyrir framan sig eins og verðlaunagrip. Ég horfi beint í dökk augu dýralæknisins. Þau mæla mig út, frá toppi til táar áður en hún opnar munninn.

„Sæl,“ segir dýralæknirinn og brosir svo skín í flugbeittar tennurnar. „Úlfhildur heiti ég. Gaman að ... kynnst þér.“

Ég treysti henni ekki einu sinni pínulítið, hugsa ég með mér. Hún ætlaði örugglega að segja „gaman að borða þig“ og gleypa mig svo í einum munnbita. Mamma býður Úlfhildi að fá sér te og býr sig undir að sjóða vatn. Marius sendir mér svip sem ég veit hvað þýðir.

„U, já. Sko, mamma. Hvað segirðu um að þið Úlfhildur fáið ykkur sæti. Við Marius getum svo fært ykkur te og svona.“

Mamma horfir á mig furðu lostin og brosir svo út að eyrum.

„Já takk, ástin mín,“ segir mamma og sest í sófann.

„Voðalega er þetta vel upp alið hjá þér,“ heyri ég Úlfhildi segja um leið og hún kemur sér fyrir við hliðina á mömmu.

Þetta? hugsa ég þirruð. Af hverju talar fullorðið fólk stundum eins og börn séu hlutir?! Marius kippir í peysuna mína og dregur mig inn í eldhús. Við sjóðum vatn í katlinum og finnum til tvo bolla.



„Heldurðu að þetta virki,“ hvíslar Marius og opnar brúna flöskuna varlega og setur eina skeið af seyðinu í sitthvorn bollann.

„Það er eins gott,“ svara ég og teygji mig í litla flösku af hunangi.

Lyktin af seyðinu er sterk en ég vona að hunangið feli bragðið. Marius hrúgar jarðarberjum á fallegan bakka. Svo raðar hann súkkulaði inn á milli.

„Þetta lítur út eins og fínasti réttur í fermingarveislu,“ segi ég og sendi Mariusi bros.

„Ég hefði nú reyndar viljað bræða súkkulaðið og dúfa jarðarberjunum ... “

„Marius ... það er enginn tími. Sjáðu himininn,“ segi ég og bendi út um gluggann.

Úti er tekið að dimma og stutt í niðamyrkur. Ég anda djúpt áður en ég geng af stað með bakkann í höndunum. Marius eltir mig með rjúkandi heita tebollana.

VILTU EKKI TÆ?

„Má ekki bjóða ykkur jarðarber?“ spyr ég og legg bakkann niður eins og fínasti þjónn.


„Ji, en glæsilegt! Hvers lags þjónusta er þetta?“ hrópar mamma upp yfir sig.

Hún treður upp í sig stærsta jarðarberinu og hámar það í sig.

„Tesopa?“ spyr Marius og réttir henni bollann.

„Mhm, endilega,“ svarar mamma með fullan munninn.

Ég held niðri í mér andanum þegar mamma tekur við bollanum.



„Úff, þetta er svo heitt. Best að bíða aðeins,“
segir mamma og leggur frá sér bollann.

Doktor Úlfhildur Alfa tekur við bollanum sínum og leggur hann frá sér um leið. Enn hefur hvorug þeirra fengið sér sopa. Ég er á nálum. Tunglið er væntanlegt á himininn á hverri stundu! Þá verður mamma að varúlfi og dýralæknirinn líka. Ekki nóg með það! Dýralæknirinn er ALFA og gæti breytt okkur Mariusi í varúlfa með því að bíta okkur! Ég veit ekki einu sinni hvort við verðum að fullorðnum úlfum eða bara litlum krúttlegum hvolpum. Það er ekki til nægur kattamatur fyrir okkur öll! Auk þess getum við ekki opnað dósirnar með loðnum loppum. Þetta verður að virka. Þær verða að klára úr bollunum til þess að seyðið virki.

Mamma er fyrst til að fá sér sopa. Hún kyngir og teygir sig í annan súkkulaðibita. Þær Úlfhildur sitja hlið við hlið í sófanum og spjalla. Við Marius höfum fundið okkur stað í hinum enda stofunnar. Við sitjum við borðstofuborðið með spilastokk á milli okkar og þykjumst spila.

„Ég hef aldrei séð mömmu þína brosa svona,“
segir Marius með augun límd á mömmu.

„Hvað áttu við?“ spyr ég önu.

„Bara ... þú veist. Hún virðist svo glöð eitthvað. Hlær og brosir. Yfirleitt er hún svo þreytt. Alltaf nýkomin heim úr vinnu eða á leiðinni á fund.“

Hann hefur ekki rangt fyrir sér. Mamma er rjóð í kinnum og með glampa í augunum sem ég hef aldrei séð áður. Kannski af því að hún er varúlfur. En kannski af því að hún er hrifin af þessari konu.

„Kannski verða þær samt kærustupar ... eftir að þeim batnar,“ segir Marius vongóður.

Ég veit ekki einu sinni hvort það er hægt að lækna þær báðar. Sama hversu kröftugt seyðið er þá er ekkert víst að það virki sem skyldi.

Mamma fær sér annan sopa af drykknum, og svo þann þriðja. Það er erfitt að meta hvort þetta er að virka. Líklega komumst við ekki að því fyrr en í nótt. Úlfhildur hefur enn ekki drukkið úr sínum bolla. Hún strýkur dökkan sveip frá andlitinu og ég tek



eftir því að á höndum hennar eru lengstu neglur sem ég hef augum litið. Neglurnar eru langar og lakkaðar blóðrauðar.

„Hvernig fer hún eiginlega á klósettið?“ hvíslar Marius að mér. Hann hefur greinilega tekið eftir því sama og ég.

„Vi- viltu ekki te?“ spyr ég dýralækninn óörugg.

Úlfhildur horfir á mig, með stingandi gráum augum.

„Jú takk, bara á eftir,“ svarar hún án þess að snerta við bollarum.

„Það er samt betra á meðan það er enn þá heitt,“ segi ég.

Ég sé strax eftir því sem ég sagði. Úlfhildur hvessir loðnar brýnnar og virðist örg. Það síðasta sem ég vil gera er að reita varúlf til reiði.

„Jæja, ástin mín. Viljið þið Marius ekki bara fara að spila?“ spyr mamma og brosir.

Hún virðist ekki hafa hugmynd um að hér situr hún á móti varúlfi af Alfa-tegund og sötrar te eins og ekkert sé.

VARÚLFAVESEN

Við Marius flýtum okkur inn í herbergið mitt og lokum hurðinni.

„Hvað ef hún drekkur ekki seyðið?“ spyr Marius og virðist hræddur

„Hvað ef það virkar of vel og ... mamma deyr?“ segi ég þá á móti. „Það þýðir ekkert að spyrja bara endalaust hvað ef, hvað ef! Þetta mun virka! Svo verður aldrei neitt varúlfavesen aftur.“

„Ókei,“ svarar Marius skömmustulegur.

„Förum aftur fram. Við þurfum að tryggja að allt sé eins og það á að vera.“

Ég gríp spilastokkinn með mér og teymi Marius á eftir mér.

„Eruð þið komin aftur?“ spyr mamma og hagræðir sér í sófanum.

„Það er þægilegra að spila við borðið,“ svara ég og við Marius setjumst í hæfilegri fjarlægð frá sófanum.

Mamma og dýralæknirinn sitja enn nær hvor annarri en áðan. Höndin á mömmu er líka komin upp á sófabakið, svona eins og hún ætli að snerta höndina á Úlfhildi. Ég veit ég ætti að óska þess að þær hefðu aldrei hist. Marius hefur samt rétt fyrir sér. Mamma brosir breiðar en ég hef áður séð hana brosa. Hún fiktar í hárinu á sér, hlær að hverju orði gráhærðu konunnar. Hún er alveg sæt svo sem en ég á erfitt með að sjá annað en blóðþyrstan varúlf. Úlfhildur gæti étið okkur öll ef hún vildi.

„Rommý“ segir Marius allt í einu.

Ég þoli ekki þegar hann vinnur mig. Þetta spil telst samt ekki með. Ég er annars hugar. Mamma fær sér annan sopa. Úlfhildur teygir sig að borðinu. Loksins, hugsa ég með mér en hönd hennar tekur ekki upp bollann heldur jarðarber.

„Jarðarberin voru klúður,“ hvísla ég að Mariusi.

„Við hefðum ekki átt að bjóða upp á neitt nema te. Þá væri hún búin að drekka það.“

„Það varst þú sem stakkst upp á þessu jarðarberja-súkkulaði dæmi!“ hvíslar hann til baka.

„Oh, ég veit,“ svara ég pirruð.

Marius andar djúpt. Svo stendur hann allt í einu upp og gengur að sófaborðinu.

„Mmm, má ég fá?“ spyr Marius en bíður ekki eftir svari.

Hann setur þrjú jarðarber upp í sig í einu! Mamma og Úlfhildur stara furðu lostnar á hann þar sem hann hamast við að tryggja eins hratt og hann getur.

Marius hefur varla kyngt þegar hann grípur síðustu fimm jarðarberin. Svo andar hann djúpt og horfir á berin í lófa sínum. Þau eru sérstaklega stór og enn með stilkunum. Þrátt fyrir það opnar Marius munninn og treður þeim öllum upp í sig. Ég er svo stolt af hugrakka vini mínum. Þarna stendur hann, fyrir framan tvær konur sem gætu á hverri stundu breyst í hungraða varúlfa. Hann er skíthæddur, ég veit það vel. Samt fórnar hann sér til að borða síðustu jarðarberin í von um að Úlfhildur fái sér þá te.

„Varstu svona svangur, Marius minn?“ spyr mamma og hlær.

„Mhm,“ svarar Marius með troðfullan munninn og rautt slef lekur niður hökuna.

Hann sest aftur á móti mér og tekur upp spilin sín.

„Mér er illt í maganum,“ emjar Marius með eldrauðan munn.

„En sjáðu, segi ég hughreystandi og gjóa augunum að sófanum.

Úlfhildur hallar sér fram og teygir höndina að sófaborðinu. Mér til mikillar skelfingar fær hún sér ekki te ... heldur súkkulaði.

Þetta er eins og að horfa á fótboltaleik og vona að einhver hitti í markið en fótboltinn fer alltaf fram hjá og upp í stúku. Nú virðist Úlfhildur bara hafa áhuga á súkkulaðinu og lítur ekki við tebollanum.

„Þú næst,“ segir Marius og strýkur sér um kviðinn.



„Ókei,“ svara ég og safna kjarki.

Ég geng rakleitt að borðinu. Mamma lítur undrandi á mig.

„Má ég fá?“ spyr ég en gef mömmu ekki færi á að svara.

Þess í stað lyfti ég bakkanum upp. Þær horfa forviða á mig. Svo loka ég augunum, halla aftur höfðinu og skófla öllu af honum upp í mig.

„Marta þó!“ hrópar mamma. „Hvað ertu að gera?“

Ég held ég hafi aldrei á ævinni borðað svona mikið nammi. Munnvatnið sprettur fram á meðan súkkulaðið bráðnar upp í mér. Á meðan ég reyni að tryggja horfir mamma á mig eins og ÉG sé villidýr en ekki hún. Ef hún aðeins vissi! Það sem ég þarf að leggja á mig til að bjarga málunum, hugsa ég með mér og strýk súkkulaði úr munnvikunum.

„Takk fyrir mig,“ segi ég og reyni að brosa.

„Hún er þó kurteis,“ segir Úlfhildur við mömmu og hlær.

Mamma skammast sín svo mikið að hún er orðin eldrauð í framan. Eða mér sýnist það. Það er orðið ansi dimmt í stofunni. Ég lít út um gluggann og sé ekkert nema myrkur. Nú megum við engan tíma missa.

ÞETTA MÁ EKKI GERAST

Þykk spennan liggur í loftinu. Við Marius erum stressuð og spennuð því tíminn er naumur og Úlfhildur verður að drekka úlfsbana-seyðið. Mamma og Úlfhildur virðast hins vegar aðallega spennar hvor fyrir annarri. Þær horfast djúpt í augu, spjalla og flissa.

„Hæ,“ byrja ég án þess að vita hvað ég ætla að segja næst.“

„Já, Marta mín?“ spyr mamma og lyftir auga-brúnunum lengst upp á enni.

Ég veit að hún vill fá frið en ég verð að trufla.

„Ömm ... ég var bara að spá hvort varú ... ég meina Úlfhildur, vill ekki drekka te-ið sitt. Það er örugglega að verða kalt.“

Úlfhildur grípur andann á lofti.

„Je minn eini. Veistu ég gleymdi því bara alveg!“

Úlfhildur tekur bollann sinn upp. Ég held niðri í mér andanum og get ekki beðið eftir að þetta

kvöld klárist. Allt í einu grípur mamma bollann úr höndum Úlfhildar.

„Já, þetta er orðið alveg skítkalt. Ég skal gera nýjan bolla handa þér,“ segir mamma og brosir.

Þetta má ekki gerast, hugsa ég með mér. Fyrir aftan mig heyrir ég að Marius stendur upp, líklega jafn stressaður og ég.

„Takk, ég þigg það,“ segir Úlfhildur brosandí.

„Ekki málið,“ segir mamma og stendur upp.

„Mér finnst sjálfri reyndar fínt að drekka kalt te. Ég klára bara úr bollanum þínum sjálf!“

Ég horfi á mömmu lyfta bollanum og bera hann upp að bleikmáluðum vörunum.

Mér snöggkólnar að innan.

„NEI!“ hrópa ég og kasta mér á mömmu!

Það líða ekki nema nokkur sekúndubrot. Ég svíf í loftinu, slæ bollann úr höndunum á henni og svo lendum við harkalega á gólfinu í flækju. Bollinn hangir í loftinu, nógu lengi til að tæmast yfir Hvæsa sem liggur grunlaus á gólfinu. Þegar bollinn lendir brotnar hann í ótal hvíta mola sem



dreifast um stofuna. Hvæsi bregst hratt við,
stekkur til hliðar og setur upp kryppu.

Mamma veinar og útir mér af sér.

„Hvað ertu að gera Marta!?”

„Ég varð!“ hrópa ég reið á móti.

„Hvað áttu við? Varðstu bara að hrinda mér?
Þurftirðu að brjóta sparibollann úr stölinu
hennar ömmu. Svo er kötturinn rennblautur!“

Þegar mamma skammar mig byrja ég að kjökra.

„Ég vildi bara ekki að þú myndir deyja,“ byrja ég.

Marius kemur til mín og kippir í höndina á mér.

„Hvað ertu að gera?“ spyr hann
en ég svara ekki.

Úlfhildur er stað-
inn upp og byrjuð
að týna upp
brotin úr gólfinu.
Mamma horfir
enn þá á mig
eins og ég sé brjáluð.



„Þú máttir bara fá einn tebolla. Hún átti að fá hinn. Ef þú drekkur þá báða þá deyrðu. Þú áttir bara að fá einn, til að breyta þér til baka.“

„Breyta mér hvað?“ spyr mamma hissa.

„Þú mátt ekki vera varúlfur!“ snökti ég og nú renna tárin í stríðum straumum niður kinnarnar.

„Ég er ekki varúlfur, kjánaprik,“ segir mamma og tekur utan um mig.

„Jú, reyndar,“ segir Marius mér til stuðnings.

Ég lít í átt að Úlfhildi sem hefur náð í tusku og strýkur yfir gólfið. Gráu augun virðast enn dekkri og eyrun sperrast á meðan við tölum.

„Ekki veit ég hvað þið voruð að horfa á, eða lesa,“ segir mamma og hristir höfuðið. „En ég er enginn varúlfur, þótt ég sé svolítið loðin undir höndunum.“

Mamma hlær að eigin fyndni og Úlfhildur tekur undir hláturinn. Við Marius horfum á hvort annað.

„Víst,“ hrópa ég á mömmu. „Hún beit þig og nú ertu varúlfur. Eins og hún!“

„Reyndar ekki alveg eins, það eru sko mismunandi tegundir,“ byrjar Marius en ég stoppa hann.

„Við sóttum seyði til nornarinnar til að láta ykkur batna.“

„Marta mín,“ segir mamma og hlær enn hærra.

„Ertu að brugga galdraseyði og plata ofan í okkur Úlfhildi?“

„Til að bjarga ykkur!“ ítreka ég en tek þá eftir því að enginn hlær með mömmu.

„Hvar er Úlfhildur?“ spyr Marius.

Við lítum skelkuð í kringum okkur.

Úlfhildur er horfin.

VONANDI BÍTUR HÚN ENGAN

Mamma röltir um íbúðina í leit að Úlfhildi en finnur hana hvergi.

„Æ, Marta. Þetta var fyrsta notalega kvöldið sem ég á í langan tíma, en þér tókst að fæla Úlfhildi í burtu!“

„Fyrirgefðu, en ég vil bara ekki VARÚLF sem stjúpömmu!“ hrópa ég öflug.

„Nú hættirðu þessu tali um varúlfa!“ segir mamma hvöss. „Inn í herbergi með ykkur krakkar. Ég þarf að skúra stofuna.“

Við Marius tökum saman spilin og förum inn í herbergi. Þegar ég loka hurðinni langar mig mest að hágrenja en ég er of reið. Reið út í Úlfhildi að hafa ekki bara drukkið úr bollanum sínum. Reið út í sjálfa mig að eyðileggja alltaf allt.

„Við björguðum allavega mömmu þinni,“ segir Marius og leggur aðra höndina á bakið á mér.

„Kannski ... kannski ekki,“ svara ég hvöss.

„Ég hef fulla trú á því. Sjáðu Marta,“ segir Marius og bendir út um gluggann.

Himinninn er kolsvartur. Örfá ský eru á himni og við heyrum hvernig vindurinn lemur trén. Bráðum feykir hann skýjunum frá tunglinu og þá kemur í ljós hvort mamma er hólpin. Hvort hún er aftur ósköp venjuleg kona með rautt og úfið hár, eða hvort ég þarf að læsa hana í búri á nóttunni og fylla skúffurnar af kattamat.

„Nennirðu að gista aftur?“

„Það er skóli á morgun ... “ svarar Marius og hnyklar brýnnar.



„Við verðum bara samferða í skólann. Viltu allavega hringja í pabba þinn og spyrja hvort það sé í lagi? Ég vil ekki vera hérna ein ef mamma breytist aftur.“

Marius kinkar kolli og teygir sig í símann. Á meðan hann talar við pabba sinn fer ég yfir atburði kvöldsins í huganum. Ég sé ljóslifandi fyrir mér hvernig ég stökk án umhugsunar á mömmu svo bollinn brotnaði og mamma brjáláðist.

„Ég má gista,“ segir Marius og brosir.

„Kúl. Hvert heldurðu að Úlfhildur hafi farið?“
spyr ég.

„Bara ... heim til sín eða eitthvað. Kannski býr hún í helli? Ég veit það bara ekki.“

„Vonandi bitur hún engan í nótt.“

„Já ... vonandi,“ samsinnir Marius.

Það er þungt loft í herberginu og martraðirnar bíða eftir að hrella mig. Þreytan lamar á mér fæturna og áður en ég veit af er ég í fastasvefni.

Líklega hefði ég ekki vaknað við hljóðið. Ég hefði sofið í gegnum lætin hefði Marius ekki hrist mig til.

„Hvað?!“ spyr ég skelkuð.

„Hlustaðu!“ hvíslar Marius.

Ég reisi mig við og kveiki ljósið. Marius tvístígur á gólfinu, svo stressaður að ég sé svitaperlur spretta fram á enninu.

Hávært spangólið syngur í eyrunum á mér.

„Mamma!“ segi ég og röddin titrar.

Ég nálgast hurðina hikandi. Hver veit hvað bíður mín þarna frammi. Fyrstu nóttina var hún bara örlítið loðin. Þá seinni var hún eins og úlfur í mannsmynd. Í kvöld er hins vegar fullt tungl á himni. Hún hlýtur að vera orðin enn þá stærri og sterkari en áður.

„Við gerum bara sama og síðast. Er það ekki?“ segir Marius og nagar á sér neðri vörina.

„Hvað ef það virkar ekki?“

„Marta ... manstu hvað þú sagðir í gær? Það þýðir ekkert að spyrja bara endalaust hvað ef, hvað ef!“

„Sagði ég það?“

„Já,“ segir Marius og tekur um axlirnar á mér.

„Ókei,“ segi ég, ekki mjög sannfærandi.

„Það er verk að vinna! Við þurfum að passa að mammúlfurinn ... eða þú veist, varúlfurinn hún mamma þín, fari ekki að leita sér að fæði. Þá gæti eitthvað hræðilegt gerst!“

Sama og síðast, hugsa ég með mér. Ekkert mál. Bara kattamatur í dós. Lokka hana inn í herbergi og læsa.

Ekkert mál.

Við Marius læðumst fram á mannlausan ganginn. Hér er niðamyrkur og ekkert heyrir nema spanngólið úr garðinum. Ég sæki fjórar dósir af kattamat í skúffuna. Svo opna ég þá fyrstu og rétti Mariusi.

„Sama og síðast?“

„Jebb. Ekkert mál,“ segir Marius og reynir að hljóma öruggur með sig.

Ég geng hægunum skrefum fram í anddyrið. Í þetta sinn sleppi ég því að reima skóna. Lyktin af kattamatnum er svo megn að ég kúgast. Geng svo út um dyrnar, anda djúpt ofan í maga og held niður tröppurnar.

„Gangi þér vel,“ hvíslar Marius fyrir aftan mig.

Mig langar ekkert að sjá hvernig mamma er orðin. En ég verð. Verð að ná henni inn áður en hún hleypur af stað, út í nóttina, í leit að æti. Hver veit hvað hún gæti veitt. Eða hvern! Fullt tunglið baðar garðinn hvíttri birtu. Á miðju grasinu stendur hún, loðin og risavaxin. Varúlfurinn teygir sig til tunglsins með opna lófa og spangólar hátt.

Ég held dósinni að henni og færi mig nær.

A A A A A Ú Ú Ú Ú Ú!



Hún er mun stærri en áður. Miklu voldugri. Grá eyrun eru stór og sperrt. Feldurinn er dekkri en í fyrrinótt.

„Mamma ...?“ hvísla ég.

Varúlfurinn snýr sér snöggt við og hnusar út í loftið. Breiðar axlirnar hreyfast upp og niður í takt við djúpan og háværan andadráttinn. Hún gefur frá sér lágvært urr og stekkur að mér. Ég kippist við en reyni að halda ró minni. Nú er hún komin alveg upp að mér og starir á mig hvössum augum. En ... augun eru ekki gul eins og í gær. Þau eru svört eins og lakkrís. Glansandi og djúp eins og nóttin. Hún er svo ... breytt.

„Hvað er í gangi?“ heyri ég allt í einu mömmu segja fyrir aftan mig.

„MAMMA!“ hrópa ég og átta mig.

Þessi varúlfur er ekki mamma ... Þetta er Úlfhildur! Ég hefði átt að sjá það á gráum feldinum og dökkum augunum. Marius og mamma stara á varúlfinn. Hún fikrar sig á fjórum fótum í kringum mig og þefar af mér. Svo færir hún stórt og glans-

andi nefið upp eftir fótleggjunum, að maganum og stoppar við hálsinn.

Ég þori ekki að anda og get ekki hreyft mig.
Fæturnir hlýða mér ekki.

Mamma stígur fram. Gengur á milli mín og Úlfhildar. Ég er svo fegin að seyðið virkaði ... að mamma er ekki varúlfur lengur ... en hún ræður varla við varúlfinn núna! Mamma tekur dósina úr höndunum á mér.

„Inn með ykkur krakkar!“ skipar mamma ákveðin.

Hún starir þráðbeint í augu Úlfhildar og lyftir dósinni að nefi hennar. Úlfurinn urrar með samanbitnar tennur. Úr stórum munninum lekur slef.

„Ertu svöng?“ spyr mamma blíðlega og fetar sig aftar með dósina.

Varúlfurinn eltir. Marius grípur í höndina á mér og togar mig inn í húsið. Mamma er hálfnuð upp stigann að útidyrnum. Úlfhildur hikar í neðstu tröppunni. Hún urrar hátt og glefsar út í loftið.

Skyndilega rís Úlfhildur upp á afturlappirnar og gólar upp í himininn. Við Marius höldum fast hvort

í annað í dyragættinni. Mamma spennist upp og lítur skelkuð í áttina að okkur. Varúlfurinn spyrnir sér á ógnarhraða úr neðstu tröppunni upp í þá efstu og króar mömmu af. Stórir hrammarnir ríghalda í axlir mömmu. Ég horfi á gular og grófar klær varúlfsins. Reyni að hugsa ekki hversu beittar þær hljóta að vera. Hvernig þær gætu skorið ...

Áður en ég næ að hugsa það til enda heyri ég hávært hvæs innan úr íbúðinni.

Hvæsi kemur á harðaspretti og stekkur á bak varúlfsins! Hann læsir klónum í feld úlfsins sem sleppir taki á mömmu.

SLEIKT ÚT UM

Marius togar mömmu inn fyrir. Hún lítur á mig og kreistir mig fast.

„Er í lagi með þig, ástin mín?“ spyr mamma með tárin í augunum.

Áður en ég næ að svara heyrum við varúlfinn spangóla hátt. Urr og hvæs berast frá garðinum. Ekkert okkar þorir að kíkja en ég finn að ég verð að athuga með Hvæsa. Við ríghöldum hvert í annað og stígum hálf tref út á tröppurnar.

Úlfhildur teygir sig í átt að himni og spangólar hátt. Hún hefur náð taki á Hvæsa og heldur honum þétt að jörðinni. Svo beygir hún sig yfir hann og opnar kjaftinn upp á gátt.

„Nei!“ hrópa ég og reyni að losa mig frá mömmu.

Marius og mamma neita að sleppa mér. Ég finn tár spýttast fram í augnkrókana. Varúlfurinn ætlar að éta köttinn minn!

Úlfhildur horfir hvössum augum á Hvæsa sem

berst mjálmandi um undir klóm hennar. Það glampar á flugbeittar tennurnar. Hún sleikir út um með langri úlfatungunni. Ég þori ekki að horfa og loka augunum um leið og varúlfurinn beygir sig niður að Hvæsa með kjaftinn opinn upp á gátt.

Allt í einu heyrir undarlegt úlfur. Ég opna augun og sé að Úlfhildur reynir að strjúka eitthvað af tungunni með loðinni loppunni. Hún frussar og hrækir og missir tókin á Hvæsa sem stekkur í átt að okkur.

Í garðinum, undir fullu tunglsljósi, sjáum við Úlfhildi umbreytast. Fyrst fellir hún feldinn svo skín í mjúka húð hennar og ósköp venjulegt andlit. Kryppan verður að beinu baki og krepptir útlímirnir ná aftur sínu eðlilega mannsformi.

„Hvað gerðist eiginlega?“ segi ég undrandi.

Hvæsi stekkur upp síðustu tröppurnar í átt að okkur og hristir sig, eins og blautur hundur. Þykkt varúlfaslef slettist í allar áttir.

„Kötturinn ... hann fékk seyðið yfir sig allan!“ segir Marius sigri hrósandi. „Svo hefur varúlfurinn sleikt Hvæsa! Þess vegna breyttist hún úr varúlfi í konu!“



„Auðvitað,“ svara ég og brosi.

Mamma gengur hikandi skrefum niður tröppurnar. Úlfhildur stendur í miðjum garðinum og horfir ringluð í kringum sig. Mamma fer úr peysunni og leggur hana varlega yfir axlir Úlfhildar. Svo leiðast þær í átt að okkur. Við Marius stígum til hliðar til þess að hleypa þeim framhjá.

Skömmu síðar sitja þær á sófanum. Mamma strýkur hárið frá andliti Úlfhildar og segir henni frá því sem gerðist. Úlfhildur virðist miður sín og biður okkur afsökunar. Mamma sussar á hana og segir að þetta sé ekkert mál. Stefnumótið hafi í það minnsta verið ógleymanlegt. Þær hlæja og halla sér hvor upp að annarri.

„Heldurðu að henni sé treystandi?“ hvíslar Marius.

„Ég veit það ekki,“ svara ég. „Við höfum þá alltaf Hvæsa, ef það verður eitthvað vesen.“


Hvæsi hringar sig saman á stofugólfinu, fyrir framan sófann. Hann opnar annað augað og lítur rannsakandi á Úlfhildi fyrir ofan sig. Svo teygir hann úr sér, lokar augunum og byrjar að mala.



LESTU LÍKA HINAR

Varúðar-bækurnar!





Hvæsi þarf að fara í skoðun hjá nýja dýralækninum. Það verður til þess að spennandi atburðir fara að gerast. Mamma Mörtu er ólík sjálfri sér á fullu tungli og þarf virkilega á aðstoð Mörtu og Mariusar að halda. Munu þau sleppa heil á húfi úr þessum hremmingum? Hvað veit Hvæsi sem þau hin vita ekki?

Varúð, hér býr **varúflur** er spennandi léttlestrarbók fyrir upprennandi lestrarhesta.

Lestu líka hinar **Varúðar**-bækurnar!

Texta- og myndhöfundur er
Bergrún Íris Sævarsdóttir.

VARÚÐ - VARÚÐ



m MENNTAMÁLASTOFNUN

40682